

Nr. 067 / 10 Sæborg SH 83**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6716
Smíðaður: Hafnarfirði 1986, plast
Stærð: 4,8 brl. 4,6 bt.
Mesta lengd: 8,46 m Skráð lengd: 7,83 m
Breidd: 2,44 m Dýpt: 0,92 m
Vél: Volvo Penta 117 kW, 1997
Fjöldi skipverja: 1



Sæborg©Þorgeir Baldursson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 1. júní 2010 var Sæborg SH 83 á handfæraveiðum skammt undan Brennuboða framan við Kolgrafarfjörð. Veður: A 5 m/sek

Bátsverjinn varð var við gangtruflanir í vélinni og náði hann ekki fullri orku út úr henni svo hann ákvað að sigla á hægri ferð til hafnar. Þegar komið var í hafnarmynni Stykkishólsmshafnar stöðvaðist vélin. Hann kastaði út báðum drekunum en þeir virtust ekki halda í fyrstu og rak bátinn að klettunum í Fálka en stöðvaðist nokkrum metrum frá þeim. Bátsverjinn óskaði eftir aðstoð og Bjössi RE 277 dró Sæborgu SH inn í höfnina.

Við rannsókn kom fram:

- að við fyrstu skoðun á vélinni reyndist hún föst. Þegar strokklokin höfðu verið tekin af strokkunum kom í ljós að ventill var brotinn og hafði hann keyrst niður í stimpil og sett hann fastan;
- að hæfilegt magn af smurolíu var á vélinni og ástand hennar gott. Ekkert var heldur athugavert við kælivatn og virtist vélin ekki hafa hitnað;
- að engin frekari viðgerð var framkvæmd á vélinni því ný vél var sett í bátinn.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.